

Samantekt úr ársskýrslu UNICEF Malaví 2007 og The State of Africa's Children 2008

- Mannfjöldi: **13,2 milljónir**
- Börn yngri en 18 ára: **6,8 milljónir**
- Dánartíðni barna undir 5 ára aldri: **122/1000**
- Ungbarnadauði: **72/1000**
- Vannæring barna yngri en 5 ára: **21%**
- 12-23 mánaða gömul börn sem hafa verið bólusett gegn mislingum: **84%**
- Dánartíðni af völdum barnsburðar: **984 konur á hver 100.000 lifandi fædd börn**
- Skráning barna í grunnskóla (drengir/stúlkur): **86/87%**
- Fólk með aðgang að drykkjarvatni sem kemur frá vernduðum vatnsbólum: **75%**
- HIV-smituð börn yngri en 15 ára: **89.000**
- Hlutfall barna sem stunda vinnu: **26%**

Í Malaví er rúmlega helmingur íbúa börn yngri en 18 ára. Um fjórar milljónir þessara barna lifa í fátækt sem grefur undan vexti og þroska þeirra. Undanfarin ár hafa horfur á lífsafkomu barna batnað og dregið hefur úr dánartíðni. Frá 1990 til 2006 féll dánartíðni barna undir 5 ára aldri úr 221 í 120 af hverjum 1000 fæddum börnum og er nú sú sama eða lægri en í 30 öðrum löndum Afríku sunnan Sahara. Þessa lækkun má fyrst og fremst rekja til aukinna bólusetninga og A-vítamínjafa en barn sem skortir A-vítamín er í 25 % meiri hættu á að deyja af völdum sjúkdóma eins og mislinga, malaríu og niðurgangs. Einnig er hlutfall mæðra sem gefa börnum sínum eingöngu brjóstamjólk fyrstu sex mánuðina í lífi barnsins fremur hátt í Malaví (56%) miðað við önnur lönd í Afríku sunnan Sahara. Áhersla hefur verið lögð á dreifingu moskítóneta og í desember 2006 hafði meira en einni milljón moskítóneta verið dreift til 65% barnshafandi kvenna og barna yngri en 5 ára. Mænuótt virðist einnig hafa verið útrýmt en frá árinu 2002 hafa engin ný tilfelli verið tilkynnt í Malaví. Ef Malaví heldur áfram á sömu braut þá eru góðar líkur á því að landið nái Þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um að lækka tíðni barnadauða (undir 5 ára aldri) um tvo þriðju fyrir árið 2015.

Þrátt fyrir þennan árangur deyr samt eitt af hverjum átta börnum, aðallega úr sjúkdómum sem mætti auðveldlega koma í veg fyrir, s.s. lungnabólgu, niðurgangi, malaríu og sjúkdómum tengdum HIV. Útbreiðsla vannæringar er áfram mikil og má rekja u.þ.b. helming allra dauðsfalla barna til hennar. Viðvarandi og útbreidd fátækt er enn vandamál og þættir eins og ört vaxandi fólksfjöldi, takmarkað ræktunarland, árvissar náttúruhamfarir, fæðuskortur, vannæring, HIV/alnæmi og há tíðni malaríu hamla framþróun landsins. Börn og konur eru sérstaklega berskjölduð því þeim reynist erfiðara að ná sér á strik eftir slík áföll.

HEILSA OG NÆRING

- **Eitt af hverjum átta börnum** í Malaví deyr fyrir 5 ára aldur
- Lungnabólga, niðurgangur, malaría og sjúkdómar sem má rekja til HIV-veirunnar eru **aðaldánarorsakir barna**
- Um **helmingur** allra þeirra sem greinast með HIV/alnæmi er **ungt fólk á aldrinum 15-24 ára**
- **46% barna** undir 5 ára aldri þroskast ekki eðlilega sökum vannæringar
- **60% barna** undir 5 ára aldri þjást af A-vítamín skorti
- **70% barna** hafa verið bólusett gegn helstu sjúkdómum

- **Í Malaví er dánartíðni kvenna í tengslum við meðgöngu og fæðingu ein sú hæsta í heiminum** eða 984 konur af hverjum 100.000 lifandi fæðingum

Vannæring

Vannæring hefur hörmulegar afleiðingar og er ein aðalorsök barnadauða í Malaví. Það hefur ekki orðið nein breyting á næringarástandi barna síðan árið 1992 og vannæring er áfram mjög útbreidd. Hún hamlar þroska um 46% barna yngri en fimm ára, 21% barna eru undir kjörþyngd og 4% barna eru alvarlega vannærð. Verkefni á sviði næringu með þátttöku heimamanna voru reynd í Malaví á árunum 2001 til 2005 með góðum árangri. Þau felast í því að í samráði við heimamenn er matarpökkum með næringarríkum mat sem auðvelt er að framreiða dreift til mjög alvarlega vannærða barna. Þökk sé verkefnunum lækkaði dánartíðnin um 4,3% og næringarástand 78,1% barnanna batnaði.

Mæður í hættu

Í Malaví deyja fleiri konur af barnsförum en víðast annars staðar í heiminum eða 984 konur af hverjum 100.000 lifandi fæðingum. Meðal ástæðna að baki þessari háu dánartíðni eru sjúkdómar eins og malaría og HIV, næringarskortur og lág félags- og efnahagsleg staða kvenna í malavísku samfélagi. Þessar háu tölur gefa sterkega til kynna hversu takmarkaðan aðgang konur hafa að góðri heilsugæslu og fæðingarhjálp.

HIV/alnæmi

Útbreiðsla HIV meðal fullorðinna á aldrinum 15-49 ára hefur staðið í stað og stendur í 14%. Það þýðir að u.þ.b. ein milljón Malava er smituð af HIV/alnæmi og eru konur og stúlkur í meirihluta eða um 60%. Árlega smitast um 10.000 manns og nærri helmingur allra nýrra tilfella er meðal ungs fólks á aldrinum 15-24 ára. Það er m.a. vegna þess að ungt fólk byrjar að stunda kynlíf snemma á ævinni og eykur þar með líkurnar á HIV-smiti. Konur og stúlkur eru sérstaklega berskjaldaðar. Mikil fátækt nauðbeygir þær oft til að selja sig sem eykur ekki aðeins hættuna á smiti heldur líka á mansali og kynferðislegri misnotkun. Þá auka hefðbundin kynjahlutverk og menningarvenjur eins og snemmbúnar giftingar og eiginkonur sem erfast ennfremur hættuna. Næstum allir Malavar hafa heyrt um HIV/alnæmi en aðeins 55% kvenna og karlmanna þekkja þrjár helstu leiðirnar til að forðast smit, þ.e. vera maka sínum trú/r, notkun smokka og skírlífi. Margir halda áfram að stunda óvarið kynlíf þrátt fyrir hættuna sem því fylgir og eru hikandi við að fara í HIV-próf. Ríkjandi þögn í samfélaginu um kynlíf veldur því að aðgengi að þjónustu og upplýsingum um kynlífsheilbrigði er mjög lítið og erfitt að nálgast.

Fórnarlömb HIV-veirunnar eru ekki síst börn og unglingar og þær hörmungar sem alnæmisfaraldurinn veldur snerta þau hvað mest. Talið er að 89.000 börn yngri en 15 ára séu smituð. Flest þeirra fengu smitið frá móðurinni en árlega greinast nærri 30.000 smit í nýburum. Af þeim milljón munaðarlausu börnum sem eru í Malaví, hefur helmingurinn misst bæði eða annað foreldri úr alnæmi. Án vernd foreldranna eru þessi börn berskjölduð og standa frammi fyrir vanrækslu, misnotkun og skorti á aðgangi að grunnauðsynjum og þjónustu.

GRUNNMENTUN OG UNGT FÓLK

- **86%** barna á grunnskólaaldri ganga í skóla
- Nánast **jafnmargar stúlkur og drengir** hefja nám í grunnskóla
- Af öllum þeim börnum sem byrja í 1. bekk, **fara 86% þeirra í 5. bekk**
- Einungis **13%** barna á framhaldsskólaaldri fara í framhaldsskóla

- **Stúlkur á aldrinum 15-19 ára** eru mun líklegri til að sýkjast af HIV en drengir í sama aldurshópi: **3,7% í samanburði við 0,4%**

Grunnmenntun dregst aftur úr

Þrátt fyrir að grunnskólamenntun hafi verið ókeypis í Malaví frá árinu 1994 þá eru meira en 10% barna á grunnskólaaldri sem ekki ganga í skóla. Tíðni skráninga, bæði stúlkna og drengja, er há fyrstu tvö skólaárin en eingöngu 26% barna ljúka grunnskólanámi, þar af ekki nema 1 % stúlkna. Brottfall er að meðaltali í kringum 15% og helmingur barna hættir áður en þau ná í 4. bekk. Samkvæmt börnunum þá eru margar ástæður þess valdandi að þau detta úr skóla, m.a. fátækt, skólarnir eru langt í burtu frá heimilum þeirra, snemmbúnar barneignir og léleg gæði menntunar.

Skólaumhverfið fælir oft börn frá því að stunda nám. Yfirfullar kennslustofur, engin svæði til að stunda íþróttir eða leiki, skortur á kennsluefni og ritföngum, lélegur vinnuandi meðal kennara og skortur á vatni og aðskildri salernisaðstöðu fyrir stúlkur og drengi skapa ekki námsumhverfi sem börn þrífast í. Við þetta bætist svo að líkamlegt ofbeldi, sérstaklega einelti og líkamlegar refsingar, ásamt kynferðislegu ofbeldi viðgengst og ógnar þar með öryggi og virðingu barna. Malaví hefur náð töluverðum árangri í að jafna kynjabilið í grunnskólum en hins vegar er brottfall stúlkna úr skólum mun hærra en drengja sem má m.a. rekja til þess að félagsleg gildi og viðhorf styðja ekki menntun stúlkna.

VERND

- Um **12%** malavískra barna eru **munaðarlaus**
- Næstum **7% barna** eru talin vera sérstaklega varnarlaus
- Áætlað er að **1,4 milljónir barna** vinni við aðstæður sem ógna heilsu þeirra og velferð
- **Misþyrmingar, misnotkun í gróðaskyni og ofbeldi gegn börnum eru í auknum mæli að verða algengari**

Fátækt, hungur, HIV/alnæmi og ófullnægjandi félagsleg þjónusta skapa aðstæður þar sem misnotkun barna og ofbeldi gegn þeim er því miður allt of algengt. Þetta á sérstaklega við um munaðarlaus og varnarlaus börn en fjöldi þeirra fer vaxandi. Malavíska ríkisstjórnin telur að 1,4 milljón barna vinni við skaðlegar aðstæður. Könnun sem gerð var árið 2001 sýnir að meirihluti vinnandi barna þræla frá morgni til kvölds við þjónustu á heimilum. Einnig eru mörg börn yngri en 10 ára í fullri vinnu við hlið foreldra sinna á tóbaksöktrum.

Það er margt sem bendir til þess að kynferðisleg misnotkun, misþyrmingar og verslun með börn fari vaxandi. Ákveðnar venjur og siðir s.s. snemmbúnar giftingar eða sú trú að til að öðlast farsælt hjónaband verði stúlkur að sofa hjá eldri manni þegar þær komast á kynþroskaskið, eru skaðlegar heilsu og velferð barna. Fæðingarskráningarkerfi er ekki til staðar í Malaví sem veldur því að börn eru varnarlausari gegn vanrækslu og misnotkun og erfiðara er að sporna gegn því að þau gangi kaupum og sölum.

VATNS- OG HREINLÆTISMÁL

- **75%** íbúa í Malaví hefur aðgang að vernduðum vatnsbólum
- Næstum **46%** heimila þurfa að ganga í a.m.k. 30 mínútur til að sækja vatn
- Aðeins **19%** fólks gerir vatn sitt öruggt til drykkjar
- **88% Malava** nota bættu hreinlætisaðstöðu s.s. klósett og kamra

- **73%** fólks á sápu eða þvottalög til að þvo sér um hendur eftir að hafa notað klósett/kamar

Sjúkdómar sem berast með vatni eru ein helsta dánarorsök barna yngri en 5 ára. Vatns- og hreinlætismál sem og að auka vitund almennings um hreinlæti eru því gífurlega mikilvæg. Aðgengi að bættri hreinlætisaðstöðu er enn mjög ábótavant. Grunnskólabörn í u.þ.b. 20-25% ríkisrekinnna skóla hafa ekki aðgang að hreinu vatni og aðeins einn kamar er að meðaltali fyrir hverja 150 nemendur.